

33. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
19.-20. október 2023

Lengd kjarasamnings

Kjarasamningur VR og LÍV við atvinnurekendur 2022 var til 15 mánaða, frá og með nóvember 2022 til og með janúar 2024. Í aðdraganda þess samnings gerðu stærstu félögin, VR og FVSA, kannanir meðal félagsfólks um áherslur í viðræðum þar sem bæði félög spurðu um lengd samnings. Niðurstöður voru mjög áþekkar hjá félögunum, um þriðjungur vildi að samið yrði til fjögurra ára, um fjórðungur vildi samning til þriggja ára og svipað hlutfall til tveggja ára.

Spurt er:

Hvað telur þú að verkalýðshreyfingin eigi að semja til langs tíma í komandi samningaviðræðum? Svarmöguleikar eru:

- Til eins árs
- Til 2ja ára
- Til 3ja ára
- Til 4ra ára
- Lengur en til 4ra ára